



## Skipulagsstofnun - Skipulagsgátt

Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Flóahreppi, 19. nóvember 2025

### Efni: Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu – framleiðsluaukning Orkugerðarinnar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22.10.2025 varðandi umsagnarbeiðni vegna máls nr. 1437/2025: Framleiðsluaukning Orkugerðarinnar: Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu).

Á 329. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps var eftirfarandi bókað:

**„Umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt máli 1437/2025 – Framleiðsluaukning Orkugerðarinnar**  
Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt vegna máls 1437/2025 er varðar hugmyndir Orkugerðarinnar ehf. um framleiðsluaukningu úr 14.000 tonnum af hráefni á ári í allt að 18.000 tonn. Framkvæmdirnar eru fyrirspurnarskyldar skv. tölulið 11.12 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að hugmyndir um framleiðsluaukningu geti valdið umtalsverðum auknum umhverfisáhrifum á nágrennið og þá helst í formi áframhaldandi viðvarandi lyktarmengunar frá starfsemi. Sveitarstjórn vill að rík áhersla sé lögð á að starfsemi Orkugerðarinnar uppfylli öll skilyrði starfsleyfis og að eftirlits- og úttektaraðilar fylgi eftir öllum þeim athugasemdum og ábendingum sem komið hafa fram í eftirliti og úttektum síðustu ár áður en mæta ætti hugmyndum um framleiðsluaukningu. Þar sem ljóst er, skv. bréfi frá Umhverfis- og Orkustofnun til rekstraraðila dags. 31.10.2025, að skortur er á fullnægjandi skráningum, skv. grein 4.1 í starfsleyfi Orkugerðarinnar, telur sveitarstjórn ekki hægt að fullyrða um að umhverfisáhrif eða önnur neikvæð áhrif framkvæmda séu litlar eða engar líkt og fram kemur í framlagðri skýrslu vegna málsins. Því telur sveitarstjórn mikilvægt að fyrirhuguð framleiðsluaukning falli undir mat á umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana til að taka af allan vafa um neikvæð áhrif á nærumhverfi, íbúa, uppbyggingu og starfsemi í nálægð við Orkugerðina.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna drög að umsögn í samráði við sveitarstjórn og óskar jafnframt eftir því að umsagnir berist í skipulagsgátt frá umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Brunavörnum Árnassýslu, skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélagsins og Vinnueftirliti ríkisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.“



Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar sem borist hefur vegna málsins kemur eftirfarandi m.a. fram í niðurlagi umsagnar:

*„Vegna eðli starfseminnar bendir stofnunin á að ósamræmanleg landnotkun sem getur orðið fyrir áhrifum af lykt eins og frístundabyggð, íbúðabyggð, samfélagsþjónusta eða íþróttasvæði er ekki ákjósanleg í nærumhverfi rekstraraðila. Starfsemi sem þessi er nauðsynleg svo Ísland geti framfylgt skuldbindingum sínum í úrgangsmálum, þar sem bannað er að urða sláturúrgang og mun þörfin fyrir starfsemi sem meðhöndlar slíkan úrgang því einungis aukast.“*

**Sveitarstjórn Flóahrepps gerir alvarlegar athugasemdir við þennan hluta umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar þar sem stofnunin talar um að ákveðin landnotkun sem geti orðið fyrir áhrifum af lykt sé ekki ákjósanleg í nærumhverfi rekstraraðila.**

Í þessu samhengi bendir sveitarstjórn á að samfélagsþjónusta hefur verið á svæðinu í áratugi. Kirkjustaður hefur verið í Hraungerði allt frá því í kringum 1200 og núverandi kirkja er frá árinu 1902 en sú kirkja hefur verið friðuð frá árinu 1990 og er enn í notkun. Íbúðarhús og búrekstur á landbúnaðarlandi hefur sömuleiðis verið til staðar í langan tíma, löngu fyrir starfsemi Orkugerðarinnar en samningur um lóð til uppbyggingar á atvinnuhúsnæði var gerður af Hraungerðishreppi við Kjötmjöl ehf. þann 18. ágúst 1999 og skv. Fasteignaskrá er húsnæðið byggt árið 2000.

Fyrirhuguð íbúðabyggð við Þingborg hefur einnig verið í aðalskipulagi í áratugi og var svæðið sem dæmi skilgreint sem stofnana- og íbúðarsvæði í aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015. Áform um uppbyggingu þar er því ekki nýtilkomin og partur af eðlilegri þróun samfélagsins í Flóahreppi, ekki síst þar sem miðja stjórnarsýslu og leikskóli er staðsett í Þingborg. Barnaskóli var starfræktur í Þingborg frá árinu 1929, fyrst í samkomuhúsinu Gömlu-Þingborg, síðar í Þingborgarskóla frá árinu 1982. Leikskóli hefur einnig verið starfræktur í Þingborg allt frá árinu 1989 og leikskóli sveitarfélagsins í núverandi mynd hefur verið starfræktur þar frá árinu 1996. Félagsheimilið Þingborg er í dag íþróttastaða sveitarfélagsins og þar fer fram lögbundin íþróttakennsla grunnskóla. Húsið er einnig nýtt undir menningarstarfsemi. Félagsheimilið Þingborg var tekið í notkun árið 1992.

Einnig er vert að benda á að búseta, atvinnurekstur og landbúnaður hefur verið stundaður á jörðum í kringum núverandi starfsemi Orkugerðarinnar allt frá landnámi.

Að mati sveitarstjórnar gengur ofangreind umsögn Umhverfis- og orkustofnunar á rétt sveitarfélagsins til að fara með skipulagsvald og er óásættanlegt að mati sveitarstjórnar að stofnunin gefi í skyn í umsögn sinni að starfsemi Orkugerðarinnar gangi framur uppbyggingu og starfssemi á borð við samfélagsþjónustu, rekstur skólastofnana, búsetu og reksturs á



svæðinu sem hefur verið til staðar í langan tíma. Þessum hluta umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar hafnar sveitarstjórn Flóahrepps og telur að alvarlega sé vegið að eðlilegri uppbyggingu sveitarfélagsins og lögbundnum rétti sveitarfélagsins til þess að sinna sínum skipulagsmálum.

Sveitarstjórn hefur skilning á að Ísland þurfi að framfylgja skuldbindingum sínum í úrgangsmálum, þar sem bannað er að urða sláturúrgang, en hafnar því alfarið að ákvörðun um frekari uppbyggingu og rekstur þesskonar starfsemi geti gengið á rétt íbúa, eðlilegrar atvinnuuppbyggingar og uppbyggingar íbúðarsvæða í sveitarfélaginu.

**Sveitarfélagið Flóahreppur leggur ríka áherslu á að fyrirhuguð framleiðsluaukning Orkugerðarinnar falli undir mat á umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda- og áætlana og leggst alfarið gegn framleiðsluaukningu þar til öllum skilyrðum starfsleyfis hefur verið framfylgt og brugðist hafi verið við athugasemdum og ábendingum sem komið hafa fram í eftirliti og úttektum síðustu ár.**

Sérstaklega skuli hugað að þeim miklu áhrifum sem viðvarandi lyktarmengun frá starfsemi Orkugerðarinnar hefur haft og getur haft í auknum mæli á íbúa, starfsemi fyrirtækja og stofnana í nágrenninu, skólastarf leikskólans Krakkaborgar, íþróttá- og menningarstarfsemi í Þingborg, áætlanir um frekari uppbyggingu á atvinnussvæði í Heiðargerði og fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar við Þingborg.

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar Flóahrepps  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri